

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast gildi 1. október 1914, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 88  
26. ág.

**Í stjórnarráði Íslands, 26. ágúst 1914.**

**Sig. Eggerz.**

*Jón Hermannsson.*

## **Auglýsing**

**um staðfesting stjórnarráðsins á heilbrigðissamþykkt fyrir  
kaupúnið Hellissand og sjóporpið Keflavík  
í Snæfellsnessýslu.**

**89**  
27. ág.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvbr. 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest eftirrituð heilbrigðissamþykkt fyrir kaupúnið Hellissand og sjóporpið Keflavík í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu:

**Heilbrigðissamþykkt  
fyrir kaupúnið Hellissand og sjóporpið Keflavík í Snæfellsnessýslu.**

*I. Almenn ákvæði.*

1. gr.

Heilbrigðissamþykkt þessi gildir fyrir kaupúnið Hellissand og sjóporpið Keflavík með þeim takmörkum, sem nú eða síðar kunna að verða sett, ásamt bæjunum Stóru-Hellu, Litlu-Hellu og Hraunskarði, og hverju öðru byggðu bóli, sem síðar kann að vera sett upp með Höskuldsá.

2. gr.

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndarinnar, auk hans eiga sæti í henni 2 af íbúum svæðisins, sem samþykktin nær yfir, 1 kosinn af hreppsnefndinni og 1 kosinn af sýslunefndinni til þriggja ára í senn. Formaður kveður til fundar, er honum þykir þessa þurfa, eða hinir nefndarmennirnir óska þess, eða hjeraðslæknir krefst þess. Nefndin skal halda fundarbók, og innfæra í hana allar athuganir. Nefndin skiftir störfum með sjer, eftir því sem henni þykir best henta. Hjeraðslæknir á heiming á að sitja á nefndarfundi, þegar hann æskir þess.

89

27. ág.

3. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á því, að fyrirmælum heilbrigðissamþyktarinnar sje hlýtt, og hún haldin í öllum greinum. Nefndinni skal heimilt að láta rannsaka allt það er samþykktin ræðir um, og þýðingu hefir fyrir heilsu manna, hvort heldur er á almannafæri eða á lóðum þeim er einstökum mönnum eða fjelögum til heyra. Alt það er nefndin telur aðfinsluvert, skal hún innfæra í fundarbókina og síðan skriflega skipa þeim sem í hlut á, fyrir um, hvað honum ber að gera til umbóta.

4. gr.

Ef heilbrigðisnefndin telur nauðsynlega einhverja heilbrigðisráðstöfun eða þrifnaðarbót, sem hefir í för með sjer útgjöld, og er þess eðlis að ekki er unt að heimta af neinum sjerstökum lóðar- eða húsumráðanda að kosta hana eða framkvæma, þá skal nefndin leggja það mál fyrir hreppsnefnd, og fara fram á, að hún leggi fram fje úr sveitarsjóði. Vilji hreppsnefnd ekki veita fjeð, má skjóta því máli til sýslunefndar til úrskurðar.

## II. Um fráráslu og vatnsból.

5. gr.

Eldhús- og þvottaskólp, ösku og önnur óhreinindi frá hibýlum manna, skal bera ofan í fjöru, svo nedarlega að út taki um flæði, eða veitt burtu í opnum eða lokuðum ræsum, sje það ekki flutt í safngryfjur jafnóðum.

6. gr.

Meðan Höskuldsá er vatnsból þorpanna, má ekki þvo nokkurn hlut í henni, eða leggja í bleyti í henni nokkurn hlut, hverju nafni sem nefnist. Eigi má hafa kálgarða eða sorphauga svo nálægt ánni að afrenslu í hana geti átt sjer stað. Áburð má ekki bera á túnin sem að henni liggja svo nálægt að lögur úr honum geti runnið í hana, nema á vorin þegar klaki er úr jörðu. Þessi ákvæði um Höskuldsá gilda milli fjalls og fjöru. Ef brunnar eru byggðir, skulu þeir vera hæfilega langt frá forum eða salernum. Skal ávalt áður en brunnur er gerður leitað samþykkis heilbrigðisnefndar um legu hans og gerð. Þeir skulu hlaðnir úr högnu grjóti, steinlímdu, eða úr steinsteypu. Yfir brunnopinu skal vera sterkur vatnsheldur hlemmur.

## III. Um peningshús, hauga og safngryfjur.

7. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að hafa stórgripi og sauðfje í íbúðarhúsum manna, eða byggingum sem áföst eru við þau.

## 8. gr.

89  
27. ág.

Heilbrigðisnefndin skal segja fyrir um hvar peningshús, haugstaði, haughús eða safngryfjur mega vera, og má enginn gera þau að nýju, nema hann hafi fengið samþykki nefndarinnar til þess, og hlíti hennar fyrir mælum um frágang og tilhögun á þeim.

Peningshús, sem eru eldri en þessi samþykkt, getur nefndin heimtað að sjeu færð úr stað, ef að þeim er mikill óþrifnaður. Forir má því aðeins leyfa, að þær sjeu gerðar lagarheldar með steinlími og veggirnir minst 25 cm. upp úr jörð og yfir þeim sterkur hleri, svo menn eða skepnur falli ekki í þær.

IV. *Um salerni.*

## 9. gr.

Sjerhverju húsi skal fylgja salerni, skulu þau gerð eftir almennum reglum. Við þau hús, sem ekkert salerni er nú, skulu húseigendur eða umráðamenn þeirra hafa reist þau innan tveggja mánaða eftir að samþykkt þessi kemur í gildi, og skulu þau svo vel gerð að heilbrigðisnefnd álíti þau fullnægjandi, ella skulu hlutaðeigendur skyldir til að rífa þau niður og byggja önnur betri. Salerni skal þannig gjört að gólfíð sje steinsteypt og hærra en jarðvegurinn. Saurkassinn skal vera vatnsheldur og ná fast upp að setunni. Setuumbúnaðurinn skal vera laus, og skal þannig útbúið að sem auðveldast sje að sótthreinsa salernið. Sje það úr steinsteypu skal kalka það innan.

## 10. gr.

Veitingamenn, kaupmenn og aðrir vinnuveitendur skulu skyldir að reisa salerni til afnota fyrir viðskiftamenn sína og verkamenn, og sjá um hæfilegan þrifnað á þeim undir eftirliti heilbrigðisnefndar.

Öllum mönnum, hvort heldur eru íbúar svæðisins sem samþykktin nær yfir, eða aðrir, er skylt að nota salerni til þarfinda sinna.

V. *Um fiskiver.*

## 11. gr.

Það er skylda sjómanna, að flytja allan fiskúrgang svo neðarlega í fjöru, að flæði í hvert skifti, ella keyrist þangað sem heilbrigðisnefnd fyrirskipar, sje það ekki borið á tún, garða, eða hagnýtt á annan hátt. Aðgerðarstaðina skal hreinsa svo sem hægt er í hvert skifti sem þar hefir verið lagður fiskur.

## 12. gr.

Ekki má beita lóðir eða stokka þær upp á almanna færi, nema þess sje

**89** gætt vandlega, að alt það, sem brúkað er til beitingar, og beituúrgangur sje safn-  
27. ág. að í ílát og flutt í burtu jafnóðum með slorinu.

Brjótí nokkur á móti 11. og 12. gr. skal hann við fyrsta brot greiða 5 kr. til sveitarsjóðs, en sje brotið endurtekið, skal hann sæta þeim sektum sem heilbrigðissamþykkt þessi mælir fyrir. Formenn skulu skyldir að annast um sektir fyrir brot þessi.

#### VI. *Um íbúðarhús og skóla.*

##### 13. gr.

Öll hús, sem notuð eru til íbúðar, skulu vera svo gerð, að unt sje að halda þeim hreinum. Í hverju herbergi skal að minsta kosti einn gluggi vera á hjörum, sje ekki annar umbúnaður til loftræstingar, sem heilbrigðisnefnd álitur nægja.

##### 14. gr.

Heilbrigðisnefndin skal skoða öll skólahús og kenslustofur, hvort heldur er opinber eign eða einstakra manna, að minsta kosti tvisvar á ári, í byrjun skólaársins og á því miðju, og skulu þær gerðar eftir því, sem fræðslulögin mæla fyrir.

##### 15. gr.

Herbergi skólanna skulu vera vönduð, úr hefluðum við og plægðum, og máluð eða oliuborin.

##### 16. gr.

Ef upp kemur alvarlegur næmur sjúkdómur á því svæði, sem samþykktin nær yfir, eða í nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt, í samráði við hjeraðslækni, að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli en í samþykkt þessari felast, um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum og fleira þessháttar.

##### 17. gr.

Sjái heilbrigðisnefndin einhvern óprifnað eiga sjer stað, sem skaðlegur er heilsu manna, og sem ekki er nefndur í samþykkt þessari, hefir hún vald til að hlutast tilum það, og menn skyldir að hlýðnast fyrirskipunum hennar í því efni.

#### VII. *Um sektir og fleira.*

##### 18. gr.

Heilbrigðisnefndin skal fá allan kostnað greiddan úr sveitarsjóði eftir gefnum reikningum. Rísi ágreiningur milli hennar og hreppsnefndar útaf reikn-

ingum þessum, skal sýslunefnd skera úr málinu, en skylt skal hreppsnefnd að greiða fjeð um stund.

89

27. ág.

## 19. gr.

Ef menn brjóta samþykkt þessa, eða vanrækja að framkvæma á settum tíma nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það alt að 200 kr. sektum, er renni í sveitarsjóð.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, þá er henni það heimilt á kostnað þess, er verkið átti að vinna, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðar taka hann lög-taki hjá þeim, sem sekur er.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. október 1914.

Þetta er hjermeð gert heyrum kunnugt.

**Í stjórnarráði Íslands, 27. ágúst 1914.**

**Sig. Eggerz.**

*G. Sveinbjörnsson,*  
aðst.m.

## Samþykkt

**fyrir Lýtingsstaðahrepp um kornforðabúr til skepnufóðurs.**

Sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu hefir samkvæmt lögum nr. 24, 9. júlí 1909 og nr. 47, 10. nóvember 1913 gert eftirfarandi samþykkt fyrir Lýtingsstaðahrepp um kornforðabúr til skepnufóðurs.

## 1. gr.

Tilgangur forðabúrsins er að koma í veg fyrir hættu af fóðurskortri búpenings.

## 2. gr.

Forðabúrið er eign hreppsins og stendur undir umsjón forðagæslumanna

90

28. ág.